



Vatnafar á vatnasviði Lagarfljóts og Jöklu.
Stutt yfirlit

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-2001-02

19. febrúar 2001

VATNAFAR Á VATNASVIÐI LAGARFLJÓTS OG JÖKLU

Stutt yfirlit

1. Vatnasvið, afrennsli, úrkoma

Hér á eftir fer stutt úttekt á vatnafari á áhrifasvæði áætlaðrar Kárahnjúkavirkjunar. Svæðið sem um er að ræða er því í stórum dráttum vatnasvið Jöklu og Lagarfljóts og þar sem þær falla að einum ósi má segja að þær komi af sameiginlegu vatnasviði. Alls er það 7112 km^2 að flatarmáli, þriðja stærsta vatnasvið á Íslandi á eftir Jökulsá á Fjöllum og Þjórsá. Um 1545 km^2 af þessu svæði er undir jöкли. Engin vatnafarskort eru til af því en Vatnamælingar Orkustofnunar hafa gert miklar mælingar í ám á vatnasviðinu.

Eiginleikar þessara vatnsfalla ráðast mjög af sveiflukenndu rennsli. Helstu niðurstöður vatnamælinganna eru sýndar í töflu 1. Þar sést meðalafrénnslu vatnasviðanna. Afrennslis-tölur sem þessar eru mun betri vísbending um úrkому en hefðbundnar úrkumumælingar veðurstöðvanna. Afrennslið af vatnasviðinu í heild er 41 l/s af hverjum ferkílómetra. En til samanburðar má geta þess að meðalafrénnslu af landinu öllu hefur verið áætlað á bilinu $50 - 55 \text{ l/s}$ á ferkílómetra. Af töflunni má ráða að úrkoman fer í stórum dráttum vaxandi inn til lands. Þannig er afrennsli Lagarfljóts við ósa $43 \text{ l/s} \text{ á } \text{km}^2$, við Lagarfoss er það 45, við Hól í Fljótsdal 50, og á Eyjabökkum $78 \text{ l/s} \text{ á } \text{km}^2$. Sannast hér hið fornkyeðna að meira rignir á reginfjöllum en í víðum dö lum.

Purrasta svæðið teygir sig frá innanverðri Fljótsdalsheiði og norður um Jökuldal. Mælingar í Bessastaðaá og við Hól sýna að utanverð Fljótsdalsheiði er afar úrkumusnauð. Afrennslið af flatareiningu er þar aðeins $24 \text{ l/s} \text{ á } \text{km}^2$. Þarna er sýnilega úrkumuskuggi. Úrkumuríkasta svæðið er syðst á Hraunum og við Prándarjökul. Þar mælist afrennslið yfir 80 l/s af hverjum ferkílómetra. Til gamans má geta þess að mælingar á Prándarjökli sýna að afrennslið af honum var nálægt $95 \text{ l/s} \text{ á } \text{km}^2$ frá 1992 - 1997.

Úrkumumælingar hafa verið stundaðar á Eyjabökkum og við Kárahnjúka tvö undanfarin ár. Mikill úrkumunur virðist á stöðunum því ársúrkoman á Eyjabökkum hefur mælst 1010 mm en við Káraknjúka 340 mm . Þótt óvarlegt sé að draga miklar ályktanir af skammtímaúrkumumælingum ber þeim og afrennslismælingum saman að því leyti að Kárahnúkasvæðið er þurrt og liggur sýnilega í úrkumuskugga frá Vatnajököli. Eyjabakkar virðast hins vegar vera utan hans og svo dregur Snæfell þar að auki til sín úrkому.

Tafla 1. Vatnsföll, vatnasvið og rennsli

Mælir nr.	Staður	Mælitími	Vatnasvið km ²	Meðal- rennsli m ³ /s	Hámarks- flóð m ³ /s	Afrennsli l/s km ²	Tegund
vhm 17	Lagarfjót við ósa Lagarfjót, Lagarfoss	1975-1994	2900 2800	125 114	811	43 45	D+J+S D+J+S
vhm 34	Bessastaðaá, Hylvað	1971-1989	127	3	92	24	D+S
vhm 109	Jöklusá í Fljótsdal, Hóll	1963-1994	575	28,6	457	50	D+J
vhm 221	Jöklusá í Fljótsdal, Eyjab.	1990-1998	315	24,7	338	78	J+(D)
vhm 249	Kelduá í Fljótsdal, Klúka	1994-1994	440	23,9	391	54	D
vhm 205	Kelduá, Kiðafellstunga	1976-1993	314	15,5	665	50	D
vhm 206	Fellsá, Sturluflót	1977-1993	126	6,67	310	53	D
vhm 165	Laugará	1972-1982	29	1,13	43	46	D
vhm 106	Grímsá	1975-1984	530	26,5	645	50	D
vhm 93	Gilsá, Skriðdal	1962-1989	29	1,85	87	64	D
Jökla, við ósa			4212	160-170		39	J+D
vhm 110	Jökla, Hjarðarhagi	1964-1999	3322	145	1340	44	J+D
vhm 215	Hölknaá	1979-1984	50	2,08	38	42	D
vhm 146	Hrafnkela, Vaðbrekkufoss	1970-1988	178	5,1	122	29	D+(J)
vhm 164	Jökla, Brú	1970-1998	2088	122	1030	58	J+D
vhm 366	Reykjará, Brúaröræfum Jökla við Kárahnjúka	1999	223 1760	3,7 104	60	17 59	D+L J
Lagarfjót + Jökla			7112	290		41	D+J+S

2. Berggrunnur og lekt hans

Berggrunnurinn í neðanverðum Jökuldal, á Fljótsdalshéraði, Fljótsdalsheiði og Hraunum er gerður úr jarðögum frá tertíer sem tilheyra blágrýtismunduninni. Holufyllingar og ummyndun hafa gert þau þétt og lítið er um opnar sprungur. Grunnvatnsrennsli er því mjög tregt í bergen og lindarennslí lítið. Allar ár á svæðinu eru hreinar dragár. Regnvatn og leysingavatn streymir af á yfirborði og veldur oft snöggum vatnavöxtum en í þurrkatíð dregur mjög úr rennsli dragánna. Á Efri-Jökuldal og Vesturöræfum er komið í berg frá fyrrihluta kvarter. Þótt ummyndun og holufylling í því sé ekki mikil er það samt sem áður svo þétt að kalt grunnvatnsrennsli er víðast hvar lítið. Þó er lektin meiri en í tertíera bergen. Lindir eru smáar og ár sem falla frá svæðinu eru ýmist dragár eða jökulár. Tölувort ber á hálfvolgu og volgu grunnvatnsstreymi, einkum í Hrafnkelsdal og Laugarvalladal, en að því verður vikið síðar.

Yngsta og lekasta bergið á vatnasviðinu er í Kárahnjúkum, Hvannstóðsfjöllum, Þrifhyrningsfjallgarði og í Snæfelli. Þessar jarðmyndanir eru allar frá síðari hluta kvarter og yngri en 0,8 milljón ára. Lítill sem engin holufylling er í bergen og sprungur eru opnar. Þrátt fyrir það hafa þessar jarðmyndanir ekki mikil áhrif á vatnafar svæðisins í heild en þó verður vart við lindavatnspátt í ám sem upptök eiga á Brúaröræfum vestan Jöklu

Þótt laus yfirborðsjarðög séu allútbreidd á vatnasviði Jöklu og Lagarfjóts eru vatnafarsleg áhrif þeirra víðast lítil.

3. Jarðhiti

Jarðhiti á vatnasviði Lagarfljóts er líttill. Þekktasti staðurinn er í Urriðavatni þar sem Hita-veita Egilsstaða og Fella tekur vatn. Við Egilsstaði í Fljótsdal eru nokkrar volgrur. Einnig er nokkuð um jarðhita á hálendinu norðan og austan Snæfells. Heitast er við Laugarkofa hjá Laugarfelli, 52°C. Þarna er hringlaga baðlaug sem vinsælt er að sitja í. Önnur laug er skammt frá, 42°C. Við Hafursá í undirhlíðum Snæfells er 48°C heit laug með kolsýruríku vatni.

Tafla 2. Jarðhiti á vatnasviðum Lagarfljóts og Jöklu (>25°C)

Staður	Hiti °C	Rennsli l/s
Urriðavarn	59,5	
Egilsstaðir í Fljótsdal	25,0	
Laugarkofi	52	0,5
Laugarbúðir NA húss við Laugará	42	
Hafursá	44,5	0,9
Við Jökulsá syðst á Hrakströnd	25,1	
Sandskeið á Jökuldal	25,2	0,06
Hitahnjúkur, Vaðbrekkuháls	31,5	2,0
Gerðishöfði í Hrafnkelsdal	26,0	0,15
Sandur í Hrafnkelsdal	33,9	0,04
Toppþóll í Hrafnkelsdal	28,7	2,1
Gambramyri í Hrafnkelsdal	28,5	7,5
Háholt við Aðalból	34,7	2,8
Laugarhús í Hrafnkelsdal	41,8	0,8
Glúmsstaðasel í Hrafnkelsdal	32,8	4,7
Lindur við Jöklu	35,7	1,8
Laugarvellir í Laugarvalladal	67,0	10,0
Vesturdalslækur á Brúaröræfum	34,9	0,5

Lítill jarðhiti er í Jökuldal þar til kemur inn á móts við Hrafnkelsdal. Þar skiptir um því að á suðurhluta vatnasviðs Jöklu, þ.e. í innanverðum Jökuldal og í Brúardölum, er töluvert um jarðhita. Hitinn er þó víðast hvar lágur eða á bilinu 10 - 40°C. Heitast er við Laugarvelli, 70°C og næst heitast við Laugarhús í Hrafnkelsdal, 41°C. Annars staðar er hitinn undir 40°. Heildarrennsli vatns sem er yfir 10°C hefur verið áætlað 125 l/s af þessu svæði. Nýting þessa hita er þó lítil sem engin. Eini jarðhitastaðurinn sem verður fyrir beinum áhrifum af hugsanlegri Kárahnjúkavirkjun er í Lindum við Jöklu en þær munu fara í kaf í Háslón.

4. Jöklar, framhlaup, jökulhlaup

Eyjabakkajökull og Brúarjökull eru aðal skriðjöklarnir á umræddu svæði. Eyjabakkajökull skríður niður á sléttlendi Eyjabakka í 700 m hæð. Hann skiptist í tvennt af mikilli urðarrönd sem liggar upp eftir miðjum jökulsporðinum upp að Hnjúkafelli, sem er fjallskollur sem stendur upp úr ísnum alllangt inni á jöklinum. Þaðan er urðarröndin ættuð. Eyjabakkajökull er þekktur framhlaupsjökull. Árið 1890 ruddist hann fram og náði þá að Eyjafelli á Eyjabökkum, sem er lengra en vitað er um að gerst hafi frá ísaldarlokum. Þar gekk jökkullinn yfir gróið land og ýtti upp miklum jarðvegsmúgum sem Hraukar nefnast. Jökkullinn gekk fram á ný 1931 og 1938 en skemmtir en áður. Þau framhlaup skildu eftir sig jökulgarða sem enn sér merki um sunnan lónsins inn af Eyjafelli. Eystri og vestari helmingar jöklusins virðast oft ekki fylgjast að í hlaupum. Þannig mun eystri hlutinn hafa verið virkur í síðasta framhlaupi jöklusins árið 1972 og færðist þá fram um eina 2000 m. Síðan hefur Eyjabakkajökull hopað um 600 m svo búast má við tíðindum af jöklinum innan tíðar.

Tölverðar breytingar geta orðið við jökulröndina við framhlaup, meðal annars á rennsli jökulkvísla. Útfall Jöklulsá í Fljótsdal er að mestu á einum stað um og þaðan rennur vatnið um Austurkvísl, austan Eyjafells, og út Eyjabakka.

Lítill jökulhlaup koma stundum í Jöklulsá í Fljótsdal. Þau koma úr Háöldulóni. Það myndast í krikanum vestan við Eyjabakkajökul en þar er lægð milli ísrandarinnar og Háöldu. Á leysingatímum rennur nafnlaus jökulkvísl um lægðina. Jökkullinn myndar oft stíflu fyrir lægðina svo þar verður uppstöðulón. Þegar Háöldulón nær ákveðinni stærð brýst vatnið undir ísinn og veldur hlaupi. Hlaupvegalengdin undir jöklum frá Háöldulóni er um 7 km. Hinn þekkti íshellir í Eyjabakkajökli er farvegur hlaupanna.

Brúarjökull er einn mesti framhlaupsjökull landsins og í hlaupum skríður hann oft fram um marga kilómetra á skömmum tíma. Stór framhlaup urðu í jöklinum 1625, 1720-30, 1810, 1890, 1938, 1963-4. Árið 1890 hljóp hann fram um 10 km, en það er eitt mesta jökulframhlaup sem vitað er um. Þá gekk hann yfir gróið land og ruddi upp jarðvegsgörðum sem nefnast Töðuhraukar (eða Hraukar) Eftir hlaup er áin jafnan mikil og illúðleg og afar korgug. Jökulhlaup eru fágæt í Jöklu en ekki óþekkt. Í umbrotunum 1625 fyllti hún gljúfrin við Fossvelli og braut af sér brúna sem þar var. Hlaup varð einnig í ánni eftir framskriðið 1964.

5. Vötn, myrlendi og rústir

Fjöldi vatna og tjarna er á svæðinu, flest á Fljótsdalsheiði. Ánavatn á Jökuldalsheiði er þeirra stærst $4,9 \text{ km}^2$ með afrennsli um Þverá og Þverárvatn til Jöklu. Ekkert annað vatn á vatnasviði Jöklu nær ferkilómetra að stærð. Stærsta stöðuvatnið á Fljótsdalsheiði er Ytra-Gilsárvatn $4,7 \text{ km}^2$. Úr því fellur Bessastaðaá. Stærsta vatn á Hraunum er Sauðárvatn $1,9 \text{ km}^2$. Það hefur afrennsli til Ytri-Sauðár. Mesta stöðuvatnið á svæðinu öllu er þó auðvitað Lögurinn sjálfur, 53 km^2 og 111 m djúpur.

Rústir finnast hér og hvar um svæðið en eru hvergi algengar. Þær verða til þar sem sífreri veldur frostlyftingu í flóum eða mjög blautum mýrum og jafnvæl úti í tjörnum. Heimildir

eru um rústir á Eyjabökkum austur af Hálsakofa og á Snæfellsnesi. Rústir hafa einnig fundist við Hólmavatn og víðar á Fljótsdalsheiði.

Tafla 3: Fossar í Jökulsá í Fljótsdal og nokkrum þverám hennar

Nafn	Vatnsfall	Hæð m	Aths.
Miðselsfoss	Jökulsá	4-5	Flúðfoss
Stóralækjarfoss	Jökulsá	5-7	
Ófæruselsfoss neðri	Jökulsá	4-5	
Ófæruselsfoss efri	Jökulsá	10-12	
Ytri-Gjögurfossar	Jökulsá	15-20	Fossastigi með þremur fossum
Rauarfoss	Jökulsá	5	
Þrangarfoss	Jökulsá	5-7	
Stíflufoss	Jökulsá	2-3	
Hnyklafoss	Jökulsá	10-15	Síðustu 3 fossar eru Innri-Gjögurfossar
Faxfoss (Faxi)	Jökulsá	20-22	Tvö þrep 4+17 m
Kirkjufoss	Jökulsá	30-40	Tvö þrep 20+15 m
Tungufoss	Jökulsá	5-10	
Skakkifoss	Jökulsá	5-7	
Hrakstrandarfoss	Jökulsá	15-20	Fosþrep og flúðir
Ufsarfoss	Jökulsá	5-7	Flúðfoss
Eyjabakkafoss	Jökulsá	5-10	
Slæðufoss	Laugará		
Stuðlafoss	Laugará	20	Tvö þrep
Hafursárfoss	Hafursá		

Ef vatni úr Jökulsá á Fljótsdal verður veitt til Kárahnjúka mun rennsli um fossaröðina þar neðan við minnka verulega nema þegar lónið stendur fullt og vatn fellur um yfirfall frá því, en það getur gerst í vatnavöxtum á hvaða árstíma sem er.

Tafla 3 sýnir þá fossa sem myndu verða fyrir áhrifum af þessu. Hún er að mestu byggð á grein Helga Hallgrímssonar, Fossaval í Jökulsá í Fljótsdal. Enginn þessara fossa er í náttúruverndarskrá og áður en virkjanarannsóknir hófust í Jökulsá í Fljótsdal máttu þeir flestir kallast óþekktir. Fleiri fossar gætu breyst vegna vatnaveitinga af Hraunum s.s. Hundafoss í Ytri-Sauðá og fossar í Kelduá.

Engir fossar eru í Jöklu og er hún að því leyti gagnólík grönnu sinni og nöfnu í Fljótsdal. Hins vegar eru fossar í Sauðá vestari og Kringilsá þar sem þær falla til Jöklu. Báðir þessir fossar munu hverfa í Háslón ef af verður.